

eða Heimskringla — að dr. C. H. Thordarson væri nú að vinna að rafmagnsuppfinningu, sem líkleg gæti orðið til að hafa áhrif á gang styrjaldarinnar, og er óskandi, að svo reyndist. Kemur mér í hug í því sambandi það sem dr. Macmillan Brown segir í hinni stórmerku bók sinni, Limanora (Framfaraeyjan). Íbúar eyríkisins Riallaro öfunduðust yfir uppgangi Limanoringa og ákváðu að fara með her á hendur þeim og eyðileggja þá. Limanoringar höfðu þá, auk annarra aðferða til fjaráhrifa, fundið upp fjar-skyggnistæki, er gerði þeim fært að hafa nákvæmar gætur á því, sem fram fór í Riallaro, og einn dag, skömmu áður en leggja skyldi upp í hinn mikla leiðangur, urðu allar skot-færabirgðir Riallaringa ónýtar. Varð svo ekkert úr þeirri herferð.

Óskandi væri nú, að Bandaríkin gætu gert eithvað líkt gagnvart Japan. Hugsanlegt er, að lengra fram gæti líffræðin komist í það horf, að meiri menningarþjóð gæti náð þeim tökum á hugarfari ráðandi manna í ríki, sem hygði á hernað og heimsfírráð, að úr þeim drægi allan kjark eða vilja til slíkra fyrirtækja. — Get ég þessa af því, að ég sá í einhverju blaði talið alveg ómögulegt, að nokkur smáþjóð mundi geta orðið nokkurs megnug í þá átt, að lokið yrði styrjöldum, og óbrigðulum alþjóðafriði komið á hér á jörðu. En í þeim efnum stoðar ekki að miða eingöngu við mannfjölda. Mætti í því sambandi minna á, að sumir merkilegustu vísindamenn 18. aldarinnar voru í Svíþjóð, en Svíar voru þá fámennari þjóð en Norðmenn eru nú. Og um miðja öldina sem leið, kom víst öllum saman um, að Svíinn Berzelius væri merkilegasti efnafrafræðingur sinnar samtíðar.

6. Smuts forsætisráðherra og heimspekingur og framtíðarhorfur mankynsins

Einhversstaðar sá ég sagt frá því, að flugsprengjurnar þýsku hefðu gereyðilagt yfir 100 000 hús í Lundúnum og skemmt meir en hálfa milljón. En eftir þeim heimildum, sem ætti að mega telja áreiðanlegastar, voru í fyrrri heimsstyrjöldinni eyðilögð í loftarásum á þessa sömu borg 174 hús, og

674 skemmd. Jafnvel þó að fyrri tölurnar væru nú eithvað ýktar, þá er þó alveg vafalaust, að þarna er um að ræða mjög stórkostlega framför í mjög ískyggilega átt. Oss hlýtur að koma í hug hvað mundi verða í 3. heimsstyrjöldinni, ef „framfarirnar“ í eyðileggingarmætti yrðu ámóta stórkostlegar; en það virðist ekki ólíklegt. Og það er óhætt að segja það fyrir, að 3. heimsstyrjöldin mundi dynja yfir áður lokið væri tuttugustu öldinni, ef ekki yrðu einhverjar mjög verulegar breytingar á hugarfari mannanna, sem að vísu virðist heldur ólíklegt nú, að orðið geti. En þó er ekki ástæða til að vera alveg vonlaus. Smuts, hinn frægi forsætisráðherra Suður-Afríku, sem auk þess að vera stjórnmálamaður og herforingi, er annálaður heimspekingur, er sagður hafa spáð því, að þessi styrjöld, sem nú er komin hátt í 6 ár, muni reynast síðasta heimsstyrjöldin. En eins og getið er um í Framnýal, s. 438, léti Smuts, fáeinum árum áður en núverandi styrjöld hófst, í ljós ugg um, að yfirvofandi væru ægilegri hörmungar en nokkrar áður í sögu mannkynsins. Og er því fremur ástæða til að vona, að hinn vitri og fjölhæfi öldungur muni reynast ekki síður sannspár nú, þegar honum segir svo mjög á hinn veginn hugur um þá framtíð, sem mannkynið muni eiga í vændum.

6. apríl 1945

7. Þjóðarvoði

Einhverntíma á æskuárum las ég þýska ferðasögu frá Íslandi, þar sem sagt var, að á því landi væri staður, sem öll þjóðin teldi fremur öðrum merkilegan, og héti Dingrellio. Mér hefir oft dottið þetta skrifna nafn í hug á þessum síðustu tímum, og ástæðan sú, að prentvillurnar í þessu íslenska lesmáli, sem mér kemur fyrir augu, og þá fyrst og fremst í dagblöðunum, eru orðnar svo margar og ferlegar. Það er enginn vafi á því, að hér er á ferðinni það sem íslenskri menningu stendur hinn mesti voði af. Það er ekki einungis svo, að þeir sem lesa, hljóta margir hverjir, og stundum jafnvel allir, að fá hinum fjarstaðlegustu hugmyndir